



Tilnefningar til kjörs á íþróttamanni og íþróttakonu Grindavíkur árið 2010

Íþróttamaður ársins:

- Knattspyrnudeild UMFG:

- **Gilles Mbang Ondo – knattspyrnumaður ársins í Grindavík:**

Ondo lék 20 leik með Grindavík í Pepsideild í sumar og skoraði 14 mörk en þetta var annað sumar hans hjá félaginu. Ondo varð fyrsti Grindvíkingurinn í sögu félagsins til þess að verða markakóngur í vinsælustu og stærstu íþróttagrein landsins og hrepti því gullskóinn eftirsóttta. Þetta er einstakt afrek í ljósi þess að Grindavík var í fallbaráttu allt sumarið en markakóngar koma yfirleitt úr efstu liðunum. Ondo var sannarlega í lykilhlutverki í liðinu og skoraði mörg þýðingarmikil mörk og hreinlega vann leiki upp á eigin spýtur eins og gegn Breiðablik og FH. Ondo hefur reynst Grindavíkurliðinu ómetanlegur liðsstyrkur undanfarin tvö ár en því miður hefur hann ekki alltaf notið sannmælis. Hann er heilsteyptur einstaklingur, til fyrirmyndar innan vallar sem utan, góð fyrirmynd og er nú eftirsóttasti knattspyrnumaður landsins. Hann er sannarlega Grindvíkingur þegar hann klæðist gula búningnum okkar þótt hann sé af erlendu bergi brotinn.
- **Jósef Kr. Jósefsson – Í 2. sæti í kjöri knattspyrnumanns ársins í Grindavík**

Jósef er klárlega einn af lykilmönnum meistaraflokks en hann lék alla 22 leiki liðsins í sumar. Hann átti mjög gott sumar og var sá leikmaður sem sýndi hvað mestan stöðugleika yfir allt sumarið í liðinu. Jósef er mikill keppismaður og leggur sig ávallt 100 prósent fram fyrir Grindavík í hverjum einasta leik sem hann spilar. Hann hefur sýnt mikla tryggð við félagið þrátt fyrir að hafa verið eftirsóttur af sterkustu félögum landsins og skrifaði undir nýjan samning fyrir ári enda með Grindavíkurhjartað á réttum stað. Þrátt fyrir að vera 21 árs hefur Jósef leikið hvorki fleiri né færri en 90 meistaraflokksleiki og skorað 6 mörk. Jósef var hluti af U21 árs landsliði Íslands sem tryggði sér sæti í úrslitakeppni Evrópumótsins næsta sumar. Hann lék einn leik með liðinu í ár en hann var í byrjunarliðinu gegn jafnteflisleik gegn Þýskalandi ytra í mars. Alls hefur Jósef leikið 5 leiki með U21 og skorað 1 mark. Jósef er góð fyrirmynd innan vallar sem utan.



- **Körfuknattleiksdeild UMFG:**

o **Páll Axel Vilbergsson:**

Páll Axel hefur verið einn besti körfuknattleikamaður landsins mörg undanfarin ár. Elstu menn muna vart hvaða ár hann byrjaði að spila með meistaraflokki en þegar sögubækur hafa verið grandskoðaðar þá kemur í ljós að tímabilið 1993-1994 tekur hann sín fyrstu skref með meistaraflokki, þá aðeins 15 ára gamall. Hann er fastamaður í landsliðinu, kominn með 93 A landsleiki og er tólfti landsleikja hæðsti leikmaðurinn frá upphafi. Grindvíkingar eiga reyndar leikjahæðsta manninn, en það er Guðmundur Bragason með 169 leiki. Páll Axel hefur verið einn af burðarásu Grindavíkurlíðsins til fjölda ára. Verið með stigahæstu leikmönnum í deildinni, flestar mínúturnar á hverri leiktíð. Páll var valinn í úrvalið Iceland Express deildarinnar síðast liðið vor og einnig var hann valinn besti leikmaðurinn á lokahófi kkd UMFG í vor. Það er sannfæring okkar að Páll Axel verður áfram sami stólpinn í liði okkar eins og hann hefur verið .

o **Guðlaugur Eyjólfsson:**

Guðlaugur er sennilega að eiga eitt af sínu bestu tímabilum núna í vetur, en hann byrjaði að spila með meistaraflokki Grindavíkur tímabilið 1995-1996, 15 ára gamall þannig að hann á töluvert í að ná Páli Axel í árafjölda. Samkvæmt tölfræði KKÍ fyrir tímabilið í vetur þá hefur Grindavík ekki tapað leik sem hann hefur verið með og unnið allar mínútur sem hann hefur verið inná. Snemma stimplaði hann sig inni liðið sem baneitruð þriggja stiga skytta. Guðlaugur virðist bara verða betri með árunum og er það von okkar að hann spili með okkur mörg ár í viðbót.

- **Sunddeild UMFG:**

Hilmar Örn Benediktsson:

Hilmar Örn Benediktsson er kjörinn sundmaður ársins hjá Sunddeild UMFG .

Hilmar Örn hefur átt gott ár í sundinu og hefur fest sig í sessi sem einn öflugasti bringusundmaður á Íslandi . Hann er mjög góð fyrirmynd og snertir hvorki áfengi eða tóbak .

Á þessu ári var hann í úrslitum í öllum vegalengdum í bringusundinu bæði í 25 m og 50 m laug í opnum flokki og þess ber að geta að á þessum mótum koma allir bestu sundmennirnir heim og keppa .



- **Golfklúbbur Grindavíkur:**

○ **Davíð Arthur Friðriksson:**

Davíð Arthur varð klúbbmeistari GG árið 2010 er hann sigraði á meistaramóti golfklúbbsins með nokkrum yfirburðum, hvorki meira né minna en 21 högga mun. Davíð Arthur hefur borið höfuð og herðar yfir aðra kylfinga í sumar og hefur verið forgjafarlægsti kylfingur Grindvíkinga undanfarin ár. Hann fór einnig fyrir sveit GG í 4. deild í sveitakeppni GSÍ en þar endaði okkar sveit í 2. sæti og um leið vann sér sæti í 3. deild á næsta ári.

- **Júdódeild UMFG:**

○ **Björn Lúkas Haraldsson.**

Björn Lúkas Haraldsson varð Norðurlandameistari 15-16 ára í -81 kg flokki sl. vor. Björn Lúkas lagði Aron Gylfa Svavarsson í úrslitum. Sannarlega glæsilegur árangur hjá Birni sem er mikið efni.

Björn Lúkas er fjölhæfur bardagaíþróttamaður og varð hann m.a. í 3. sæti í glímu í flokki 15 – 16 ára á unglíngalandsmóti UMFÍ sl. sumar. Björn Lúkas varð íslandsmeistari unglínglinga í Jiu Jitsu en í þeirri íþrótt keppti hann fyrir hönd Sleipnis í Keflavík.

Björn var svo í liði Grunnskóla Grindavíkur sem tók þátt í Skólahreysti á þessu ári.

Björn er fjölhæfur íþróttamaður, framúrskarandi keppnismaður og góð fyrirmynd annarra unglínglinga í Grindavík.

- **Íþróttafélag Grindavíkur (ÍG):**

○ **Bergvin Ólafarson:**

Íþróttafélag Grindavíkur ÍG tilnefni Bergvin Ólafarson til Íþróttamanns Grindavíkur. Bergvin sem er 29 ára, hefur um árabil verið einn besti leikmaður ÍG, og á síðasta tímabili fór hann fyrir liðinu sem endaði í 4. sæti í 2. deild og var slegið út úr bikarkeppni KKÍ af úrvalsdeildarliði Grindavíkur í 32. liða úrslitum. Bergvin var með 31. stig og 11. fráköst að meðaltali í leik í 19 leikjum og skoraði ma. 50. stig í einum leik.

- **Taekwondódeild Grindavíkur:**

○ **Björn Lúkas Haraldsson:**

Taekwondódeild Grindavíkur tilnefni Björn Lúkas Haraldsson til íþróttamanns Grindavíkur. Hann varð íslandsmeistari í þungavigt unglínglinga í bardaga á þessu ári og hampaði fyrsta íslandsmeistaratitli deildarinnar.



Íþróttakona ársins:

- Knattspyrnudeild UMFG:

- Sarah MacFadden:

Sarah var lykilleikmaður í kvennaliði Grindavíkur sem stóð sig með prýði í deildinni. Hún lék alla 18 leiki liðsins og skoraði 3 mörk en þetta var annað sumarið hennar með Grindavíkurliðinu. Sarah var sem klettur í vörn Grindavíkurliðsins og voru ófár sóknir andstæðinganna sem brotnuð á henni, hún stýrði vörninni eins og hershöfðingi og dreif aðra leikmenn með sér með jákvæðri hvatningu. Sarah er góð fyrirmynd og er með stórt Grindavíkurhjarta en þrudmennska einkennir hennar framkomu innan vallar sem utan. Hún er sannarlega Grindvíkingur þegar hún klæðist gula búningnum okkar þótt hún sé af erlendu bergi brotinn.

- Anna Þórunn Guðmundsdóttir:

Anna Þórunn var einnig í lykilhlutverki í kvennaliði Grindavíkur. Hún lék alla 18 leiki liðsins og skoraði 2 mörk. Hún stóð sig frábærlega með Grindavíkurliðinu og var einn af þeim leikmönnum sem dró vagninn. Anna Þórunn var í lykilhlutverki á miðjunni og með krafti sínum og dugnaði var hún öflug bæði í vörn og sókn, ódrepanði baráttujaxl sem vann fyrst og fremst fyrir liðsfélaga sína og góð fyrirmynd. Hún var fyrirliði kvennaliðsins og var kölluð inn á landsliðsæfingar hjá A-landsliðinu í ár.

- Körfuknattleiksdeild UMFG:

- Helga Hallgrímsdóttir:

Þrátt fyrir ungan aldur er Helga einn af burðarásam liðsins. Byrjaði með meistaraflokknum 2004 og síðan hefur leiðin eingöngu legið uppá við. Hún var valin í úrvalslíð í Iceland Expressdeildarinn fyrir seinni hluta mótsins. Á lokahófi körfuknattleiksdeildarinn í vor var hún kosin besti leikmaðurinn. Það er ekki að ástæðulausu sem að Helga er tilnefnd. Allar aukaæfingarnar sem hún hefur verið að taka og mætingin í Orkubúið er alveg einstök. Hún nýtir kortið sitt vel. Aukaæfingin skapar meistarann, það er á hreinu. Eftir allar breytingarnar sem urðu á liðinu okkar í haust, þá hefur mætt mun meira á Helgu og meiri ábyrgð sett á hana, sem gamla reynsluboltann. Getum við sagt mamman í hópnum, aðeins 23 ára gömul. Helga ber þetta allt saman með prýði. Hún sagðist spila í Grindavíkurbúning hvort heldur sem þær væru í úrvalsdeild eða þeirri fyrstu, þegar stjórnin var að skoða hvað hægt væri að geta síðastliðið haust. Með sama áhuganum og dugnaðinum á Helga bara eftir að verða betri leikmaður og við vitum það að hún verður með okkur í mörg ár í viðbót.



- **Berglind Magnúsdóttir:**

Berglind Anna byrjaði að spila með meistaraflokknum árið 2004. Hún svaraði eins og Helga þegar leikmenn voru spurðir síðastliðið haust hvort að þær vildu spila með okkur ef við færum með liðið í fyrstu deild, en það var ein af hugmyndum stjórnarinnar þegar ljóst var að brotthvarf nánast byrjunarliðsins var staðreynd. Berglind Anna hefur bara styrkst og tekið meiri ábyrgð á sig og staðið undir því og axlað meira hlutverk í sókninni. Alltaf höfum við verið með mjög ungt lið í meistaraflokki kvenna og erum það ennþá. Berglind Anna er aðeins 21 og næst elst í liðinu og búin að spila í 6 ár meistaraflokknum. Auðvitað treystum við því að hún verði áfram í gulum búning.

- **Golfklúbbur Grindavíkur:**

- **Fanný Erlingsdóttir:**

Fanný varð klúbbmeistari GG árið 2010 er hún sigraði á meistaramóti golfklúbbsins með nokkrum yfirburðum eða 15 högga mun. Fanný er vel að titlinum komin og hefur hún verið ein af kjölfestunum í kvennagolfi klúbbsins undanfarin ár.

- **Sunddeild UMFG:**

- **Erla Sif Arnardóttir** er kjörinn sundkona ársins hjá Sunddeild UMFG .

Erla Sif hefur átt gott ár í sundinu og hefur náð lágmörkum inn á öll sterkustu mót ársins og var með 5 lágmörk inn á ÍM 25 nú í haust. Hún er mjög góð fyrirmynd sem snertir hvorki áfengi eða tóbak og er fyrirmyndar nemandi.